



16. mars 2021
Tilv.: 2006025

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana, rafeyrisfyrirtækja, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og Samtaka fjármálafyrirtækja

Númer: 18/2021


Efni: Drög að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana, rafeyrisfyrirtækja og rekstraraðila sérhæfðra sjóða.


Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 4/2021 sem inniheldur drög að nýjum reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana, rafeyrisfyrirtækja og rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Um er að ræða reglur sem er ætlað að koma í stað reglna nr. 1001/2018, um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar á reglunum heldur er gildissvið þeirra víkkað út þannig að þær ná einnig til rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Reglurnar verða settar með stoð í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 1. mgr. 17. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu, 1. mgr. 23. gr. laga nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris og 2. tl. 2. mgr. 117. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 31. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar í meðfylgjandi umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@sedlabanki.is

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra


Guðrún Finnborg Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofa bankastjóra